



Selfoss, 24. apríl 2018

Tilvísun: 18010022

## STOFNFISKUR HF.

c/o Róbert Rúnarsson, *Quality manager*

Staðarbergi 2-4

221 Hafnarfjörður

# Viðurkenning á smitvarnarhólfi

## (Official Approval of a Compartment)

Þann 2. október 2015 hlaut StofnFiskur opinbera viðurkenningu á að hafa innleitt og uppfyllt settar kröfur um heildstæða heilbrigðisáætlun um svokallað smitvarnarhólf (Compartment). Fyrirmynd að slíkri viðurkenningu er sótt í leiðbeiningu Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar í París (OIE) sem gefin var út haustið 2014 (Aquatic Animal Health Code). MAST ber að fylgja þessari vinnu eftir í samvinnu við gæðateymi fyrirtækisins og eins er það skylda stöðvarstjóra hverrar eldiseiningar að tilkynna um hvers kyns breytingar sem gætu raskað eða með einhverju móti haft áhrif á núverandi samþykka áætlun um smitvarnarhólf.

Það skal hér með staðfest að **StofnFiskur hf. hefur í árlegum úttektum síðan 2015 staðist settar kröfur um heildstæða heilbrigðisáætlun um smitvarnarhólf**. Litið er á StofnFisk sem eitt smitvarnarhólf með 4 eftirtöldum eldiseiningum (*subunits*); **1)** klak- og seiðastöðin í Kollafirði, kynbótastöðvarnar tvær **2)** Kalmanstjörn og **3)** Vogavík og loks **4)** Hrognahúsið í Vogavík. Í þessu skyni er lögð megin áhersla á veirusjúkdómana blóðþorra (ISA), brisveiki (PD), brisdrep (IPN), veirublæði (VHS), iðradrep (IHN) og hjartarof (CMS). Auk þess tekur öryggishólfun á vörnum gegn nýrnaveiki (BKD).

*(It is hereby confirmed that StofnFiskur Ltd. has been approved (with annual re-approval) by the Icelandic Food and Veterinary Authority (MAST) to fulfil all requirements regarding establishing a Compartment according to the Official Standard issued by the Authority on 25 March 2015. It has been proven that the Compartment ensure the prevention of the introduction and the spread of following infectious disease agents for which the compartmentalization was defined: ISAV, SAV, IPNV, VHSV, IHNV, PMCV and BKD. The StofnFiskur Compartment is divided into four following subunits; 1) Kollafjörður hatchery & smolt farm, 2) Kalmanstjörn brood fish farm, 3) Vogavík brood fish farm and 4) Egg incubation centre. MAST will ensure compliance with the Standard by regular audits along with official surveillance activities determined by a risk assessment for each unit. The Compartment manager is responsible for contacting MAST of any changes that might disrupt or somehow affect the current approved program of a Compartment).*

Virðingarfyllst;



Gísli Jónsson

*Dýralæknir fiskerjúkdóma*

